



**Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 7. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (147. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að núgildandi lög um stjórn fiskveiða verði felld úr gildi 1. september 2010 og ný lög sett í þeirra stað frá þeim tíma.

Síðastliðið vor var lagt fram frumvarp til stjórnskipunarlaganna (683. mál) þar sem lagt var til að bundið yrði í stjórnarskrá að auðlindir sjávar yrðu sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta frumvarp mætti harðri andstöðu úr röðum lögfræðinga sem eru almennt sammála um að þjóð geti ekki átt eignir. Óþarfi er að fjalla ítarlega um rökstuðninginn þar að baki, en til skýringar þá fylgir með umsögn þessari umsögn Viðskiptaráðs um ofangreint frumvarp.

Þau atriði sem frumvarpið telur að eigi að einkenna nýja stefnu í sjávarútvegi eru mörg hver afar góð. Þar má helst nefna þau er snúa að samkeppnishæfni sjávarútvegsins, eflingu menntunar og aukna verðmætasköpun. Opinbert eignarhald er ekki forsenda þessa, þvert á móti. Reynslan hefur sýnt, og hagfræðingar eru almennt sammála um, að séreignarrétturinn er forsenda hagsældar og að allar takmarkanir á honum eða framsali auðlinda hafa neikvæð áhrif á efnahagslegt virði auðlindanna og hagkvæmni í nýtingu þeirra.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs